

sýknuð af kröfum stefnanda, Björns Gíslasonar, í máli þessu, en málskostnaður fellur niður, að því er þau varðar.

Stefndi Gísli Styff greiði stefnanda kr. 25.378,67 með 5% ársvöxtum frá 24. september 1949 til greiðsludags og kr. 1.500,00 í málskostnað.

Stefndi Gísli Styff er sýknaður að svo stöddu af kröfu stefnanda um greiðslu á kr. 5.864,37.

Að öðru leyti á stefndi Gísli Styff að vera sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 1. marz 1954.

Nr. 190/1953. **Ákærvaldið** (Magnús Thorlacius)
gegn

Jóni Magnússyni Guðmundssyni
(Gunnar Þorsteinsson).

Dóمندur:

hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og próf. Ólafur Jóhannesson.

Bifreiðalagabrot. Líkamsáverkar.

Dómur Hæstaréttar.

Björn Sveinbjörnsson, fulltrúi sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Skýrslur lækna, sem lagðar hafa verið fram í Hæstarétti, sýna, að Sigríður Guðmundsdóttir mun hafa hlotið við slys það, er í málinu greinir, rifbeinsbrot, sár á handlegg og nefi svo og augnmeiðsl. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Þá ber og að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 1.200,00 til hvors.

Það athugast, að héraðsdómari hefur ekki prófað sakaratriði sjálfstætt nema að litlu leyti. Er þetta brot á ákvæðum 73. gr., 75. gr. og 77. gr. laga nr. 27/1951. Þá hefur og orðið óhæfilegur dráttur á meðferð málsins í héraði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar er 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Jón Magnússon Guðmundsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Magnúsar Thorlacius og Gunnars Þorsteinssonar, kr. 1.200,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 21. febrúar 1953.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. þ. m., er af ákærvaldsins hálfu höfðað gegn Jóni Magnússyni Guðmundssyni bílstjóra, til heimilis að Grund í Garðahreppi, með ákæruskjali, dags. 4. þ. m., fyrir brot á bifreiðalögum, nr. 23/1941, 26. gr., 4. mgr. og 5. mgr., 27. gr., 1. mgr., og 28. gr., 4. mgr., sbr. 38. gr., umferðarlögum, nr. 24/1941, 2. gr. og 4. gr., 3. mgr., sbr. 14. gr., og 219. gr. alm. hegningarlaga, nr. 19/1940. Þykir hann hafa brotið nefnd lagaákvæði með því að aka vörubílnum G. 870 kl. rúml. 12.00 31. ágúst 1950 vestur Reynivallaháls í Kjós of hratt og óvarlega, er hann nálgast jeppabílinn G. 622, er kom niður brekkuna, og í stað þess að stöðva G. 870 á útskoti á veginum rétt við ræsi, sem þar var, að aka þá óvarlega fyrir ræsið með þeim afleiðingum, að árekstur varð milli bílanna og jeppabílinn skemmdist verulega og einn farþegi í honum, Sigriður Guðmundsdóttir, Hamrafelli, slasaðist.

Þess er krafist, að ákærður verði dæmdur til refsingar, sviptingar ökuleyfis skv. 39. gr. bifreiðalaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, f. í Hafnarfirði 20. janúar 1926, og hefur ekki, svo að vitað sé, sætt kæru né refsingu.

Málavextir:

Hinn 31. ágúst 1950 var tilkynnt á lögreglustöðina í Hafnarfirði, að árekstur hefði orðið milli tveggja bíla norðan til í Reynivallahálsi. Mun það hafa verið kl. rúmlega 12.00 þann dag. Yfirlögregluþjónninn fór á staðinn og gerði athaganir. Vegurinn er þarna um

4.30 m á breidd og liggur frá austri til vesturs eða því sem næst. Slétt er út af veginum að sunnan, en að norðan er vegkanturinn 1.5—2 m á hæð. Brekka er þarna allbrött og löng. Vörubíllinn G. 870 hafði verið á leið upp brekkuna með kindur á vörupalli, en jeppabíllinn G. 622 hafði verið á leið niður brekkuna og við áreksturinn farið út af veginum að norðanverðu og brotnað allmikið. Áreksturinn hafði orðið um það bil í miðri brekkunni, aðeins ofan við ræsi, sem þar er undir veginum, og er brúin yfir ræsið um það bil 50 sm mjórri en vegurinn. Ekki er þar neitt hættumerki. Útskot er á veginum fyrir neðan ræsið og nær alveg að því. Veður var hjart og þurrt.

Ákærður hefur skýrt svo frá, að hann hafi í umrætt skipti verið að flytja fé frá Fossá í Kjós til Reykjavíkur. Var hann einn í stýris húsinu, en einn maður, Baldvin Júlíusson, var á vörupalli að gæta fjárins. Er ákærður ók upp brekkuna norðan í Reynivallahálsi, telur hann, að hraði bílsins hafi verið um 30 km á klukkustund. Neðarlega í brekkunni mætti hann fólksbíl og tók um sama leyti eftir jeppabíl efst í brekkunni, sem hann telur, að hafi verið ekið hægt. Hann kveðst þá hafa haldið áfram að næsta útskoti og hafi þá verið búinn að skipta niður í 3. „gír“ úr 4. Honum sýndist jeppinn þá vera stanzaður og hélt því áfram, en tók í sama bili eftir fyrrnefndu ræsi. Segir hann, að þá hafi verið of seint að stanza, svo að hann beygði inn á veginn lítils háttar, til að bíllinn færi ekki út af ræsinu. Síðan beygði hann aftur út á vinstri kant, til að jeppinn kæmist fram hjá, en í sama bili kom mikill hnykkur á bílinn, og heyrðist allmikill hávaði. Mun hnykkurinn hafa stafað af því, að vinstra afturhjólmörslun vörubílsins hafi farið ofan í ræsið, og auk þess hafa bílarnir rekizt á í þessum svifum. Drifskafi vörubílsins fór úr sambandi, og rann hann áfram nokkurn spöl. Ákærður segir þó, að bíll sinn hafi verið á frekar lítilli ferð. Ákærður fór út úr bíl sínum og sá þá, að jeppinn hafði farið út af veginum. Var húsið á honum mölbrotið, en fólk það, sem í honum hafði verið, sat kyrrt í honum, tvær konur og tvö börn. Önnur konan kvartaði um meiðsl. Fólk þetta var skömmu síðar flutt til Reykjavíkur í bíl, sem bar þarna að.

Vitnið Baldvin Hermann Júlíusson telur, að vörubílnum hafi ekki verið ekið mjög hratt. Hann telur, að ein eða tvær billengdir hafi verið á milli bifreiðanna, þegar framhjólmörslun vörubílsins fór yfir ræsið. Rétt á eftir heyrði vitnið skruðning, en þá var jeppinn horfinn sjónum þess, þar sem fjárgrindurnar byrgðu fyrir útsýn.

Jóna Sigríður Sveinbjörnsdóttir, til heimilis að Hamrafelli í Mosfellssveit, ók jeppanum G. 622. Kveðst hún fyrst hafa tekið eftir vörubílnum, er hún kom á brekkubrúnina. Hún skipti þá úr 3. „gír“ í 2. „gír“ og ók hægt niður brekkuna eða á um 20 km hraða. Þegar hún nálgast ræsi, sem þarna er undir veginum, var vörubíllinn að nálgast útskot fyrir neðan ræsið. Þjóst Jóna Sigríður við, að hann mundi stanza þar til að hleypa sér fram hjá, enda var ræsið

svo mjótt, að þar var ekki hægt að mætast. Vörubíllinn stanzaði þó ekki, en hélt áfram yfir ræsið, og virtist henni hann beygja inn á veginn um leið, og rétt í sömu svifum varð áreksturinn með þeim afleiðingum, að jeppinn kastaðist út af veginum. Jóna Sigríður kveðst ekki hafa séð vörubíllinn draga neitt úr hraðanum né fara út á útskotið. Hún kveðst aldrei hafa stigið á hemla.

Vitnið Sigríður Guðmundsdóttir, Hamrafelli, sat í framsæti hjá Jónu Sigríði. Það segir, að Jóna hafi ekið hægt niður brekkuna, en vörubílnum veitti það ekki athygli fyrr en augnabliki áður en áreksturinn varð, og sýndist hann þá beygja inn á veginn.

Vitnið kveðst hafa marizt og skorizt á handlegg og höfði og fengið högg á brjostið, en við það hafi brotnað eitt rif hægra megin. Var gert að sárum þess á Landspítalanum. Auk þess fékk vitnið flís í hægra auga, svo að leita varð læknis. Vitnið kveðst hafa verið óvinnufært til áramóta 1950—1951 og var ekki búið að ná sér að fullu, er réttarskýrsla var tekin af því 26. okt. 1951. Læknisvottorðs hefur ekki tekizt að afla.

Börnin, sem sátu í aftursæti jeppans, Ólafur Grétar Óskarsson, 13 ára, og Sigríður Birna Ólafsdóttir, 10 ára, hafa ekki getað borið um neitt, sem máli skiptir. Þau meiddust bæði lítils háttar.

Vitnið Sigtryggur Árnason, lögregluþjónn úr Keflavík, kom á slysstaðinn, rétt eftir að slysið varð. Kveðst hann hafa rannsakað hjólför beggja bílanna og séð af þeim, að G. 622 hefði verið eins utarlega á sínum kanti og mögulegt var. Hjólför G. 870 sýndu, að sá bíll hafði ekki farið út á útskotið fyrir neðan ræsið, en þó svo utarlega, að hjól hans, vinstra megin a. m. k. afturhjól, hafði farið fyrir utan brúna yfir ræsið. Svo virtist einnig af hjólförunum, að bíllinn hefði beygt inn á veginn, rétt áður en áreksturinn varð. Engin hemlaför voru sjáanleg. Vitnið Erlendur Sigurðsson, bílstjóri úr Keflavík, var með Sigtryggi við athugun hans, og eru framburðir þeirra samhljóða efnislega.

Vitnið Kristján Jóhannsson bílstjóri kom á slysstaðinn skömmu eftir áreksturinn. Það gat ekki greint hjólför eftir jeppann, en kveðst hafa séð hjólför eftir afturhjól vörubílsins alveg úti í vegkantinum.

Eftir því sem atvikum hefur nú verið lýst, verður rétturinn að telja nægilega upplýst, að ákærður hafi með ógætilegum akstri sínum og eftir atvikum of hröðum að verulegu leyti orðið valdur að nefndu slysi. Telja verður, að honum hafi borið skylda til að nema staðar á útskotinu fyrir neðan ræsið eða a. m. k. aka ekki hraðar en svo, að hann gæti numið staðar þegar í stað. Það telst honum þó til málsbóta, að margnefnt ræsi var ekki auðkennt sem hættulegt, þó að það væri mjórri en vegurinn, en hins vegar var þó bíllinn á svo mikilli ferð, að of seint var að stanza, er hann kom auga á það, að hans eigin sögn, og beygði hann þá inn á veginn til að fara ekki út af ræsinu. Þykir háttsemi ákærðs varða við þau lagaákvæði,

sem í ákæru greinir, og refsing hans hæfilega ákveðin 1.000 króna sekt í ríkissjóð, en afplánist með varðhaldi í 10 daga, verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Skv. 39. gr. bifreiðalaga ber að svipta ákærðan leyfi til að aka bifreið í 3 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja. Ákvörðun um áfrýjun frestar ekki verkunum dóms að þessu leyti.

Loks greiði ákærður allan kostnað sakarinnar.

Allmikill dráttur hefur orðið á rannsókn máls þessa. Það kom ekki í hendur dómarans fyrr en haustið 1951, og hófst réttarrannsókn 26. okt. það ár. Þá tafðist rannsóknin vegna þess, að yfirheyra þurfti menn í þremur lögsagnarumdæmum, og enn fremur gekk mjög erfiðlega að ná til sumra vitnanna.

Málið hefur að öðru leyti verið rekið vítalaust.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Jón Magnússon Guðmundsson, greiði 1.000 króna sekt í ríkissjóð, en sæti til vara varðhaldi í 10 daga, verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærður skal sviptur leyfi til að aka bíl í 3 mánuði frá birtingu dómsins, og frestar áfrýjun ekki verkun hans að því leyti.

Ákærður greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 3. marz 1954.

Nr. 192/1953. **Ákæruvaldið** (Ragnar Ólafsson)

gegn

Guðna Erlendssyni (Sigurður Ólason).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og **prófessorarnir** Ármann Snævarr og Ólafur Jóhannesson.

Fjársvik.

Dómur Hæstaréttar.

Ákærði greiddi víxla þá, sem í málinu greinir, annan hinn 25. febrúar 1953 og hinn eigi síðar en í maímánuði s. á. Sakaratriðum er að öðru leyti lýst í héraðsdómi, en eins og þar greinir, undirgekkst ákærði, eftir að rannsókn máls þessa